

Minnisblað til Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis vegna viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum

Efni: Minnisblað Flugmálastjórnar Íslands frá óformlegum fundum Brunamálastofnunar, Flugmálastjórnar Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúum frá Keflavíkflugvelli ohf., Flugstoðum ohf. og Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins.

Inngangur: Flugmálastjórn Íslands sat fjóra fundi með aðilum sem að ofan greinir og tóku Ágústa R. Jónsdóttir og Reynir Sigurðsson þátt í fundum þessum til skiptis. Tilgangur fundanna var nokkuð óljós en FMS skildi þá þannig að aðilar myndu fara yfir þessi mál til að útskýra sín sjónarmið og þær reglur sem gilda og jafnframt öðlast skilning á aðkomu annarra og málin voru reifuð fram og aftur.

Samantekt: Niðurstaðan fundanna var sú að hver aðili myndi skrifa minnisblað til síns ráðuneytis og taka saman sín sjónarmið. Brunamálastjóri kaus hinsvegar í óþökk FMS að skrifa sjónarmið FMS í minnisblaði brunamálastofnunar dags, 3. Janúar 2010 sem er miður og vonast FMS til að eftirfarandi samantekt leiðrétti misskilning sem þar kemur fram.

Þau sjónarmið sem FMS hefur haldið á lofti á þessum fundum eru eftirfarandi.

Eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með starfsemi flugvalla grundvallast á rg. nr. 464/2007 um flugvelli, en hún innleiðir kröfur og tilmæli viðauka 14 við Chicago sáttmálann. Öryggiskröfur til rekstraraðila flugvalla sem eftirlit Flugmálastjórnar Íslands byggir á grundvallast sömuleiðis á ákvæðum rg. nr. 464/2007 um flugvelli og viðauka 14.

Í kafla 9.2 í viðauka 14 er lögð sú skylda á hendur rekstraraðila flugvalla að þeir komi sér upp viðbúnaðarþjónustu ef loftfari hlekkist á (flugslýs / flugatvik) sem á að geta brugðist við samstundis með það markmið að bjarga mannlífum. Í viðauka 14 er nánar útlistaðar lágmarks kröfur til flugvalla vegna slíks viðbúnaðar en þær byggjast m.a. á stærð loftfara (sem aftur ákvarðar slökkviflokk flugvallar), slökkvimagn til samræmis eftir slökkviflokk flugvallar, þjálfaða starfsmenn til að slökkva eld í loftfari og viðbragðstíma að fjærsta brautarenda á hverjum tíma.

Reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og viðauki 14 gerir engar frekari kröfur til rekstraraðila flugvalla varðandi slökkviþjónustu og takmarkast eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með rekstraraðilum flugvalla við áðurnefndar kröfur, þ.e. að flugvöllur sé í réttum slökkviflokki miðað við stærð loftfara sem nota flugvöllinn, nægilegt slökkvimagn sé til staðar miðað við slökkviflokk, viðbragðsaðilar hafi hlotið þjálfun til að slökkva elda í loftfari og að viðbragðstími sé í samræmi við lágmarkskröfur.

Flugmálastjórn Íslands vill eyða þeim misskilningi sem menn hafa „mistúlkað“ við lestur viðauka 14 að gerð sé krafa um að rekstraraðilar flugvalla skuli koma sér upp slökkviliði. Eina krafan um slökkviþjónustu á hendur rekstraraðila flugvalla er sú viðbúnaðarþjónusta sem list er hér að

framan skv. rg. nr. 464/2007 og viðauka 14 og er hún eingöngu hugsuð til að bregðast við ef loftfari hlekkist á.

Starfsleyfi flugvalla og eftirlit FMS með þeim byggir á því að rekstraraðilar flugvalla uppfylli ákvæði rg. nr. 464/2007 um flugvelli og viðauka 14. Flugmálastjórn Íslands gerir ráð fyrir því við útgáfu starfsleyfis til rekstraraðila flugvalla að flugvöllurinn uppfylli kröfur annarra reglugerða sem ekki falla undir eftirlit FMS og lúti eftirliti viðkomandi stjórnvalda. Flugmálastjórn Íslands hefur tekið undir með aðilum á umræddum fundum að eðlilegast sé að aðrar eftirlitsstofnanir sinni lögboðinni eftirlitsskyldu sinni með öðrum þáttum starfsemi flugvalla hvort heldur um ræðir brunavarnir, heilbrigðiseftirlit eða vinnuvernd svo dæmi séu tekin. Þar er m.a. átt við hvernig eftirlit með því að slökkvilið sveitarfélaga séu í stakk búin til að bregðast við og fást við elda sem koma upp innan þeirra umdæmis. Flugmálastjórn telur að slökkvilið sveitarfélaga beri að bregðast við ef eldur kemur upp á flugvelli líkt og ef eldur kemur upp hjá öðrum stærri fyrirtækjum, en starfsemi slökkviliða sveitarfélaga er undir eftirliti Brunamálastofnunar.

Niðurstaða:

Flugmálastjórn Íslands kallar á skýra línu frá ráðuneytum umhverfis- og samgöngumála ef vilji er fyrir því að færa slökkvistarf frá slökkviliðum sveitarfélaga til rekstraraðila flugvalla og kallar jafnframt á skýran ramma hvernig slík tilfærsla er hugsuð. Jafnframt ef ákveðið verður að gera auknar kröfur til rekstraraðila flugvalla að rg. um flugvelli verði þá endurskoðuð í samráði við hagamunaaðila og uppfærð til samræmis. Flugmálastjórn Íslands mun þá að sjálfsögðu taka þátt í að útfæra slíkar reglur og ef með þarf útfæra eftirlitsskyldu sína til samræmis ef ákvörðun verður tekin um að rekstraraðilar flugvalla skuli sinna almennu slökkvistarfi á flugvöllum og bregðast við nánar tilgreindum eldum sem þar koma upp.

Flugmálastjórn Íslands vísar að öðru til meðfylgjandi minnisblaða sem lögð hafa verið fram á umræddum fundum